

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 1. febrúar 2022
Mnr. 2020110080



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - stílsnið.docx

Á fundi bæjarráðs þann 31. janúar sl., var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn frá Örn Lára oddvita Í-lista.

Í samningi um aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 við Arkís arkitekta var gert ráð fyrir að vinna við aðalskipulagið yrði lokið 16.9.2021.

1. Hverjar eru helstu ástæður þess að vinna við aðalskipulag 2020-2032 hefur seinkað jafn mikið og raun ber vitni? Helstu ástæður má rekja til eftirfarandi

- Covid 19 hefur hægt á allri starfsemi og vinnu í þjóðfélaginu m.a. í störfum nefnda varðandi aðalskipulagið, auk þess sem aðalskipulagsráðgjafarnir hafa þurft að fresta ferð vestur ítrekað.
- Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur verið fjarverandi og í leyfi síðan í apríl 2021.
- Skipulags- og mannvirkjanefnd og umhverfis- og framkvæmdanefnd hafa ekki starfsmenn (skipulagsfulltrúi, umhverfisfulltrúi) til að fylgja eftir stefnu nefndanna inn í aðalskipulagsvinnuna.
- Nýir nefndarmenn eru ekki nægilega upplýstir um hlutverk aðalskipulags og tengsl þess við nefndir sveitarfélagsins (stefna sveitarfélagsins).
- Erfitt hefur verið að ná saman fundum/samtali nefnda og aðalskipulagsráðgjafanna.

2. Hver er staðan á vinnu við aðalskipulag? Hvaða verkþáttum er lokið og hvað stendur út af?

- Drög að sveitarfélagsuppdrætti liggja fyrir.
- Drög að þéttbýlisuppdráttum allra þéttbýliskjarna liggja fyrir.
- Greinargerð er í vinnslu og er áætlað að um 75% textavinnslu sé lokið.
 - Unnið er eftirfarandi verkþáttum:
- Grafískri uppsetningu greinargerðar.
- Ýmsum skýringamyndum og skýringauppdráttum fyrir greinargerð.
- Framsetningu landupplýsinga fyrir stafrænt skipulag.

3. Hvenær er gert ráð fyrir verklokum? Tilbúið til auglýs

- Endurskoðuð verkáætlun gerir ráð fyrir að endurskoðuð aðalskipulagstillaga verði tilbúin til auglýsingar og í afgreiðsluferli í desember 2022.

4. Hversu mikið hefur verið greitt til Arkís vegna verkefnisins?

- Til Arkís hafa verið greiddar 11,5 m frá upphafi verks.

Meirihluti bæjarstjórnar hefur lagt mikla áherslu á vinnu við landfyllingu við Fjarðarstræti, sem nefnd hefur verið Norðurbakki.

1. Hver er tímalína þessa verkefnis?

Janúar	Greining
Febrúar	Greining á valkostum
Mars	Mat, greining samráð, útfærsla og skipulagsdrög samþykkt í mars.

Apríl	Kynning á vinnslustigi, úrvinnsla athugasemda	Dæling getur hafist
Mái	Drög að skipulagstillögu samþ. í bæjarstjórn, síðan sent til Skipulagsstofnunar til athugunar	Mestur þungi dælingar
Júní	Tillaga með breytingartillögum Skipulagsstofnunar samþ. í bæjarstjórn.	Mestur þungi dælingar
Júlí	Skipulag auglýst.	Mestur þungi dælingar
Ágúst	Tillaga að aðalskipulagi samþ. í bæjarstjórn í lok ágúst.	Dæling
September	Yfirferð Skipulagsstofnunar	Dæling
Október	Auglýsing í stjórnartíðindum	Dæling ?

2022	Jan	Feb	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des
Breyting á aðalskipulagi												
Greining	Greining á valkostum	Mat Greining samþykkt í lok mars	Samráð Útfærsla	Skipulagsdrög Kynning á vinnslustigi Úrvinnsla athugasemda	Drög skipulagstillögu samþykkt í bæjarstjórn Athugun Skipulagsstofnunar	Tillaga með breytingartillögum Skipulagsstofnunar samþykkt í bæjarstjórn	Skipulag auglýst	Tillaga að aðalskipulagi samþykkt í bæjarstjórn (lok ágúst)	Yfirferð Skipulagsstofnunar	Auglýst í stjórnartíðindum - gildistaka skipulags		
Dýpkun við Sundabakka												
				Dæling getur hafist	*****	Mestur þungi dælingar	*****	Dæling	Dæling	Dæling		

2. Þarf sjóvarnargarður að vera tilbúin áður en uppdæling úr sundunum hefst?

- Æskilegast er að fyrirstöðugarður verði klár fyrir dælingu, annars er hætt við að efnið berist aftur í sundin með straumum. Hægt yrði að að setja þvergarð út frá Norðurtanga, en það yrði alltaf að klára fyrirstöðugarð.

3. Hvar er gert ráð fyrir að efni verði tekið í nýjan sjóvarnargarð?

- Áætlað er að hægt sé að nýta um 60% af því efni sem fyrir er, annað efni þarf að vera aðkeypt úr námum, s.s. úr Dagverðardal eða öðrum námum.